

Landbótafélag Gnúpverja  
Starfsskýrsla 2019

Landbótafélag Gnúpverja hélt sinn hefðbundna aðalfund á vordögum. Á fundinum var farið yfir starf félagsins á árinu og reikninga. Kom þar fram áhugi á að nýta fjármagn félagsins enn betur og fara jafnvel út í að fá verktaka með rúllutætara og geta þannig dreift fleiri rúllum og yfir meira svæði. Einnig komu á fundinn fulltrúar frá Landgræðslu Íslands og héldu kynningu á verkefnum Landgræðslunnar. Að lokum sýndi Sigbrúður myndir af þeim árangri sem náðst hefur til gamans.

Landgræðsludagurinn var svo haldinn þann 28. júní og var fenginn verktaki til að tæta rúllur. Var dreift úr um 50 rúllum og gekk vel. Um 6 manns komu að verkefninu að þessu sinni með því að keyra rúllum inneftir og keyra rúllur í tætarann. Einnig var sama dag dreift úr 5.400 kg af áburði.

Þann 2. október stóð Þjósárskóli fyrir landgræðsludegi. Landbótafélagið styður við það verkefni með því að sjá þeim fyrir rúllu sem nemendur dreifa úr og hefur hópurinn verið við uppgræðslu í landi Skaftholts.

Hrönn Jónsdóttir  
Háholti  
Formaður Landbótafélags Gnúpverja